


Rætt við Pétur Sigurðsson listmálara:


„Kannski eðlilegt, að listamenn séu



Pétur Friðrik



Við Sveifluháls Tímamyndir Gunnar



Úr Bláfjöllum

— Afstraktmálara hafa undanfarin 30 ár, eða svo, rekið ákaflega sterkan áróður fyrir sinni stefnu hér á landi. Þeir hafa náð miklum völdum og ráða nær algerlega hvaða málara taka þátt í samsýningum bæði hér heima og erlendis. Nokkrir afstraktmálara ráða lögum og lofum í Félagi íslenskra myndlistarmanna. Stjórn þess fær venjulega boð um þátttöku í sýningum og skilur þau sem boð til félagsmanna, jafnvel þótt að ilinn, sem boðið kemur frá, hafi haft íslenska málara almennt í huga. Valdameinn í félaginu hafa meira að segja fyrst og fremst sinnt fámennum hópi félagsmanna undanfarin ár og lítið skipt sér af öðrum. Fyrir 10-15 árum fengu þessir sömu menn því til leiðar komið, að safnráð Listasafns Íslands sem er ráðgefandi um innkaup listaverka, varð skipað þrem listamönnum auk forstöðumanns listasafnsins og fimmta manns, sem menntamálaráðherra útnefnir. Þessir listamenn hafa góða aðstöðu til að kaupa verk hver af öðrum og af sínum vinum. Félag íslenskra myndlistarmanna ræður vali þessara þriggja listamanna, en það er fjölmennasta félag myndlistarmanna í landinu, þótt margir hafi reyndar ekki stundað myndlist árum og áratugum saman. Mér finnst satt að segja einhæfar skoðanir hafa mótað ákvarðanir um listaverkakaup til starfsins undanfarin ár. Eg er heldur ekki viss um, að listamenn séu réttu mennirnir til að gegna þessu starfi. Kannski er ekki við öðru að búast, en að þeir séu hlutdrægir. Sú er allavega raunin, að t.d. hafa sáráfaar myndir eftir núlifandi íslenskra myndlistarmenn, sem mála hlutlægt eða figúratíft, verið keyptar á safnið síðustu ár. Staðreynd er einnig, að myndlistarmennirnir í Listasafnsráðinu vanrækja þá skyldu sína að skoða allar myndlistarsýningar á höfuðborgarsvæðinu.

Þannig fórust Pétur Friðrik listmálara orð í viðtali við Tímann fyrir skömmu á heimili hans suður í Hafnarfirði. Hann er sjálfur einn þeirra málara, sem Listasafn Íslands á ekki mynd eftir, en er þó velmenntaður listamaður og af mörgum talinn gera góð listaverk. Pétur Friðrik harmaði það í samtalinu, að samtök myndlistarmanna hér á landi skyldu vera með þeim hætti sem raun er á:

— Eg fékk ekki einu sinni fundarboð meðan ég var í Félagi íslenskra myndlistarmanna, það var eins og þetta væru sellufundir. Margir eldri myndlistarmenn, sem ekki fara eftir kokka bókum afstraktlinunnar, láta hins vegar lítið til sín heyra og vinna ekki í neinum samtökum og áhrifa þeirra gætir lítið sem ekkert í myndlistarpólitíkinni.

Pétur Friðrik er undrabarn í íslenskri myndlist. Hann fór að teikna og mála með vatnslitum kornungur, var tæpast meira en þriggja til fjögurra ára, þegar hann byrjaði. Fyrstu oliulitina fékk hann tólf ára gamall og skömmu seinna hélt hann vísu að sýningu í Malaraglugganum, sem nú er kallaður, við Bankastræti. Að loknu barnaskólanámi fór hann í handiðaskólann í nám í teikningu og malaralist og útskrifaðist þaðan eftir þrjá vetur.

Sumarið, sem hann var sautján ára, hélt hann sýningu í Listamannaskólanum og verk hans seldust svo vel að andvirðið dugði honum til þriggja ára náms við Listaháskólann í Kaupmannahöfn.

— Þetta var árið 1945, þegar

Evrópa var að opnast aftur eftir stríðið, sagði Pétur Friðrik — Margir Íslendingar voru samtíða mér í Kaupmannahöfn og mikið félagslíf í þeirra hóp. Það hafa aldrei verið fleiri Íslendingar við nám í Listaháskólanum en á þessum tíma. Við vorum fimmtán eða sextán, þ.á.m. Jóhannes Geir, Einar Baldvinsson, Veturlíði Gunnarsson, Karl Kvaran, María Ólafsdóttir, og vefnaðarkonurnar Vigdís Kristjánsdóttir og Ester Búadóttir.

Prófessorinn, sem ég var hjá, hét Kræsten Iversen, og voru sumir Íslendinganna hjá honum, en aðrir hjá prófessor Lundström. Þeir, sem lærðu hjá hinum síðarnefnda máluðu meira stíliserað yfirleitt. Það var ekki svo mikið um að menn máluðu afstrakt í skólanum á þessum tíma. Hinsvegar, þegar ég kom þangað fyrir fáum árum máluðu allir nemendurnir afstrakt, og mér virtist ekki, að þeir þyrftu að kunna neitt að teikna.

Prófessor Kræsten Iversen var sérstaklega velviljaður okkur Íslendingunum, og sömu sögu var að segja um marga danska skóla-þrædur okkar, þótt nokkuð bæri á gremju í okkar gerð vegna sambandslitanna.

Sumrunum varði ég til að mála, og einnig fór skólinn í ferðalag til Hollands. Okkur þótti heldur betur matur í að skoða verk hollensku meistaranna, svo sem Rembrandts, og safnið með verkum Van Goughs.

— Hvað tók svo við að loknu námi?

— Eg fór heim og hélt áfram að mála. Íþróttir tóku einnig nokkuð af tímanum, ég fór á Ólympíuleikana í Helsinki 1952 og keppti í sprettthlaupi.

Svo fór ég að vinna hjá Teiknistofu landbúnaðarins og var þar í 13 ár, en hafði fri á sumrin. Eg gerði það mest fyrir orð föður míns, því mig langaði ekki til að vinna annað en að mála. En ég hafði eignast fjölskyldu og við vorum að festa kaup á húsi, og tekjurnar af myndunum, sem ég seldi rétt nægðu til að lifa.

— En nú fæstu aftur eingöngu við að mála. Hafa orðið miklar breytingar á myndum þínum?

— Mér finnst erfitt að tala um það. Eg held ekki svo miklar á yfirborðinu. Eg mála landslagsmyndir, blóm, uppstillingar, hús og svolitíð af mannamyndum.

— Málar þú mikið úti?

— Já, bæði úti og inni. Mér finnst alltaf meira líf í myndum, sem málaðar eru eftir náttúrunni. Maður nær landslagi bezt ef myndin er máluð helzt til fulls úti. Hins vegar geta landslagsmyndir, sem málaðar eru inni eftir göðum skissum, kannski orðið betri, en á annan hátt, sterkari og stíliseraðri.

— Hvar málarðu mest úti?


— Í hraununum hér í nágrenni Hafnarfjarðar, við Kleifarvatn og víðar. Uppá síðkastið hef ég mál- að talsvert á nýjum slóðum, þ.e.a.s. á leiðinni upp í Bláfjöll. Þar er mjög sérkennilegt landslag og mér vitanlega hafa fáir eða engir málara unnið þar ennþá.

Eg kem auga á málverk frá Húsafelli hjá Pétur Friðrik. Þar dvaldist hann í sveit drengur og kynntist Ásgrími Jónssyni og fleiri málurum. — Hann var mikil persóna og gaman að tala við hann segir Pétur Friðrik. — Þegar vel lá á Ásgrími, var hann opin og náttúrulegur, en honum var illa við, ef ferðamenn voru með nefið ofan í því, sem hann var að gera. Hann lokaði sig iðulega inni til að forðast ágang. En hann var elskulegur við þá, sem kynntust honum. Hann leyfði okkur krökkunum oft að hlusta á verk

hlutdrægir"



Blómamynd



Hvítá í Borgarfirði

Mozarts, Bachs og Beethovens, sem hann lék á grammófóninn, sem hann hafði alltaf meðferðis.

Pétur Friðrik hélt sýningu á nær hundrað málverkum í íþróttahúsi KR við Kaplaskjólsvæg í sumar og er nokkuð ánægður með viðtökurnar, sem hún hlaut. Á heimili hans sé ég margar nýjar myndir, en nokkuð þröngt er orðið um þær og fjölskylduna, enda eiga þau Pétur Friðrik og Sólveig Jónsdóttir, kona hans, fimm börn, og húsið er orðið þeim of lítið.

— Þetta stendur þó allt til bóta,


segir Pétur Friðrik, við vonumst til að geta flutt í nýtt hús, sem við eigum í smíðum, á næsta ári. Þar fæ ég góða vinnustofu, en í henni og garðstofu og á göngum verður væntanlega hægt að halda heimasýningar.

Hér látum við þessu spjalli við Pétur Friðrik lokið með athugasemd hans um málalag: — Þótt ég máli figúratíft og mikið af landslagsmyndum, þá hrifst ég af fallegum afstraktmyndum. Mér finnst viðsýni verða að ríkja í listum.

—SJ



Myndir Péturs Friðriks í Málarauglugganum, þegar hann var 12 ára.



Helgi Tryggvason yfirkennari:

Kennarar í kennarskortinum – kennslusegulbandið

Við þekkjum öll söguna um piltinn, sem var spurður sisvona: „Hvernig gekk þér að tala enskuna í Englandi (eða dönskuna í Danmörku)? „Agætlega, en þeir bara skildu ekki neitt!“ „En hvernig gekk þér að skilja þá?“ „Blessaður vertu, þeir gátu hvorki skilið né talað sitt móðurmál“.

Á þessu og því líku er að verða nokkur breyting. En setjum svo, að allir tungumálakennarar í landinu töluðu óaðfínnanlega og reyndu að kenna vídeigandi framburð, þá er við rannan reip að draga, þegar margir eru í bekk, og tiltölulega mikið af því sem nemendur heyra af hljómi málsins, er frá félögunum í bekknum, oft stautað á bók að miklu leyti, með hinni frægu íslenzku skólaféimni. Það tal nær ekki alltaf að fylla þá kröfu, sem faðir nokkur tiltók um málfar sona sinna, sem þóttu nokkuð flammæltir: „O, það er nóg, ef það skelst! Það er með framburð framaní máls eins og sönglag, að hið rétta þarf að æfa frá upphafi.

Hjá okkur er einmitt kennarskortur, kann lesarinn að segja. Hvaða kennari er þá á bókstólnum?

Hér ætla ég að lýsa stuttlega einni sérstakri tegund segulbanda, kennslusegulbandinu (Home Study Recorder). Það er að stærð 28,5 x 23,5 sm að flatarmáli og hæð 7 sm. Á myndinni sérðu heyrnartækið á höfði drengsins og þráð frá tækinu. Rafmagnni má taka úr veggnum eða frá rafhlöðu. Í tækið hefur verið látin kassetta af venjulegri stærð, innspiluð með kennararöddinni á aðra rásina. Mótorinn er nú settur í gang, tækið stillt á upptöku og kennslukassettan sett í gang. Rödd kennarans er alltaf óhreyfð á sinni rás, enginn getur „kjaftað kennarann í rot,“ en gott tækifæri er til að herma eftir

honum þannig: Þegar hann hefur sagt eina til tvær setningar, hægt og mjög skýrt (byrjendanámskeið), þagnar hann og gefur nemandanum nokkru fleiri augnablik en hann notaði sjálfur, til að herma eftir sér, og er það tekið upp á hina rásina (nemendarásina).

Ég hef orðið þess var, að þeir sem sjá tækið í fyrsta sinn og hlusta snöggvast á slíkt samfellt samspil „kennara“ og barns, skemmta sér konunglega, við að heyra lifandi tungumál með sama hraða og hreimi af beggja vörum, og fá traust á kennslutækinu þegar í stað, enda er það óhætt. Og nemandinn getur vitanlega stöðvað tækið hvenær sem er, spólað til baka og hlustað á afspilun. Með athygli getur hann dæmt um, hversu vel tókst meðan kennslusegulbandið endursegir kennara- og nemendarödd á vixl. Þessi kennsluabferð er kennsluvisindaleg út í æsar, — að hlusta á þá fyrirmynd, sem maður veit eftirbreytnisverða, og líkja síðan strax eftir henni bera síðan hvort tveggja saman. Hermihvötin er þannig virkjuð með knýjandi krafti, bæði hjá eldri og yngri nemendum. Þegar heyrnartækið er notað við afspilun, heyrir engir aðrir en sá, sem heyrnartækið ber. Þegar ný upptaka er gerð hreinsast nemendarásin af fyrri upptöku, þ.e. eins og á öðrum segulböndum.

Við skulum nú athuga byrjendanámskeið af þessu tagi. Myndabók, mjög vel samín, fylgir hverjum sex kassetum (í sérstöku alúmi) af því námskeiði, sem ég miða við, en það er enska Philips námskeiðið. Þær eru alls 18 (3 alúmi). Hver blaðsíða skiptist í fjóra reiti með einföldum útlínuteikningum í hverjum reit, ásamt vídeigandi texta kassetunnar.

Sá sem ekkert kann í ensku og fer að hlusta á áður nefnt nám-

skeið, kassetu nr. 1 og áfram með bókina í hendi, á varla vist að skilja hvert orð og setningu hins prentaða máls út frá viðeigandi mynd, þótt einfalt sé. Hjálpartexti á íslenzku mun því væntanlegur innan skamms. Getur þá hver og einn heimilismaður, sett niður andspánis þessum þolinmóða kennara, sem alltaf er jafnfús til að endurtaka og með sama ferska og skilmerkilega römnum. Fljótlega geta síðan algerir byrjendur lagt frá sér íslenzku textana og notið útlenda málsins á þann fjölbreytilega hátt, sem áður er lýst.

Heimiliskennara af þessu tagi er víða þörf. Það er enginn orðaleikur að hann flokkast undir „heimilistæki“, þ.e. að verzlunin Heimilistæki gefur okkur kost á þessari heimilishjálp, svo að öll börnin á heimilinu geta að öðru leyti óstudd lagt sterka undirstöðu að tungumálakunnáttu sinni, með mjög áhugaverðri aðferð, svo og hinir fullorðnu, eftir því sem þörf og löngun er fyrir hendi.

Kassettur, af þessu tagi, með dönsku tali koma væntanlega í haust. Námskeið eru þegar fáanleg á ýmsum öðrum málum. Einnig hraðmæltari kassettur fyrir lengra komna, með tilheyrandi prentuðum texta.

Ég fyrir mitt leyti hef fyrst og fremst áhuga á því eins og stendur, að verða þeim að líði með þessum ábendingum í dag, sem standa eitthvað höllum fæti með tungumálanám skyldustigins. En að lokum: Ofanefnd segulbandstæki má nota eins og hin venjulega tæki fyrir hvaða kassetu sem er. Kennslusegulbandið hentar einnig vel fyrir notkun í skólafélagi, þegar vissra atriða er gætt, og er þegar farið að nota það þannig hér á landi. Um það þyrfti að ræða sérstaklega innan skamms.